

Sæll Kristófer

Hér er erindi sem kynna má fyrir sveitarstjórn.

Nú stendur yfir vinna við uppbyggingu á salernisaðstöðu við Hjálparfoss. Fengustu styrkir til verksins frá Ferðamálastofu upp á 9 mkr. Kostnaður var áætlaður rúmlega 11 mkr:

- Rotþró og frágangur	-	2,5 mkr
- Grunnur og undirstöður	-	1,0 mkr
- Heimtaug að salerni	-	3,0 mkr
- Flutningur á húsi Skrf – Hjálparf.	-	1,0 mkr
- Breytingar og lagfæringar á húsi	-	1,5 mkr
- Vatnslögn frá Búrfelli – Hjálparfossi	-	2,0 mkr

Nú er hins vegar komið í ljós að vegna krafna um umfangsmeiri siturlagnir, staðsetningu rotþróar og hversu stutt var niður á hraun, að kostnaður verður hærri við verkið. Ennfremur kom í ljós að vatnslagnir í húsinu sem fékkst frá Símanum voru sprungnar. Nýtt tilboð í heimtaug, kostnaður vegna breytinga á skipulagi, byggingarteikningar af salernishúsinu sem flutt var frá Skriðufelli og lagnateikningar sem ekki var fyrir séð að þyrfti að láta gera af fullbúnu húsi jók enn á umframkostnað. Ennfremur kom ný kostnaðaráætlun frá RARIK um heimtaug í húsið sem er hærri en áður var gert ráð fyrir. Ljóst er að vatnslögn frá Búrfelli verður dýrari en gert var ráð fyrir, en ekki verður tekið vatn úr vatnstanki við golfvöll, heldur að ósk Landsvirkjunar verður tekið vatn úr fjárhúsi norðar og verður þá að fara yfir meira hraun. Hér er ný áætlun um kostnað:

Verkþættir	kostnaður (mkr)	
	Eldri áætlun	Ný áætlun
Byggingar, lagnateikningar, leyfisgjöld		0,7
Rotþró og frágangur	- 2,5	5,5
Grunnur og undirstöður	- 1	1
Heimtaug að salerni, tafla og lagnir	- 3	4
Flutningur á húsi Skrf – Hjálparf.	- 1	1
Breytingar og lagfæringar á húsi	- 1,5	2,5
Vatnslögn frá Búrfelli – Hjálparfossi	- 2	3
	<u>11</u>	<u>17,7</u>

Staðan er sú að Skógræktin hefur ekki fjármagn til að ljúka verkinu með því fjármagni sem gert er ráð fyrir af styrkfé.

Óska undirritaður eftir að sveitarfélagið Skeiða- og Gnúpverjahreppur skoði möguleika á að koma að þessu verkefni með fjármagn svo ljúka megi verkinu fyrir vorið 2019.

Bestu kveðjur



HREINN ÓSKARSSON
PhD, Sviðstjóri samhæfingarsviðs /
Head of Forest Strategy
Skógræktin / Icelandic Forest Service
Austurvegi 3-5, IS-800 Selfossi, Iceland
(+354) 899 1971 — www.skogur.is

Hreinn